

**Kennslugögn:**

**Headway Intermediate 4th Edition** (Student's book )

**No Comebacks** Frederickk Forsyth

**Dr No** Ian Fleming

**Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók**

**Lýsing:**

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennendur eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

**Forkröfur:** Einkunnin C á grunnskólaprófi.

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjosti.

<b>Námsmat:</b>	námsmat	lýsing	vægi
	Kaflapróf	Headway	15%
	Verkefni/próf	orðabók	10%
	Verkefni/próf	No Comebacks	10%
	Verkefni/próf	Dr No	10%
	Verkefni	önnur vinna á önninni	5%
	Próf	lokapróf	50%

Þeir nemendur sem fá 8 í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.

**Sérreglur áfangans:** Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Nemendur með lögleg forföll geta tekið prófin í Skrapi í lok annar.

Þetta gildir um alla nemendur áfangans.

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

**F.Su. 16. ágúst 2016**

Sveinn E. Magnússon/ Helgi Þorvaldsson

